

Gjaldskrá

fyrir stofngjöld ljósleiðaratenginga og mánaðarlegt aðgangsgjald að ljósleiðaratengingum

1. gr.

Dalaveitur ehf á og rekur ljósleiðarakerfi í dreifbýli sveitarfélagsins. Dalaveitum ehf er samkvæmt gjaldskrá þessari heimilt að selja aðgang að ljósleiðaranum.

2. gr.

Eigendur íbúðarhúsnæðis, frístundahúsa og lögaðilar (fyrirtæki, rekstraraðilar) í dreifbýli Dalabyggðar geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Beiðni um slíkt skal berast Dalaveitum ehf á netfangið dalaveitur@dalir.is.

Í öllum tilfellum skulu lagnir utanhúss og inn fyrir húsvegg vera í eigu Dalaveitna ehf en lagnir innanhúss á ábyrgð húseiganda. Gert er ráð fyrir fullu samráði við landeigendur um staðsetningu lagna og hentugra lagnaleiða.

3. gr.

Einungis starfsmenn eða þjónustuaðilar á vegum Dalaveitna ehf mega annast útsetningu á ljósleiðarastreng, lagningu tenginga eða breytinga á ljósleiðarakerfinu.

Dalaveitur ehf tengir viðkomandi notanda við ljósleiðarakerfið að hans beiðni enda hafi viðkomandi uppfyllt eða samþykkt skilyrði þess að tengjast ljósleiðaranum. Sama á við um samninga, aðgang og tengingar fjarskiptafélaga sem þjónusta notendur með tengingum sínum.

4. gr.

Allar skemmdir sem kunna að vera gerðar á ljósleiðaranum eða búnaði tengdum honum skulu að fullu greiddar af þeim sem tjóninu veldur.

5. gr.

Gjöld fyrir lögheimili og atvinnuhúsnæði þar sem fram fer heilsársstarfsemi:

Stofngjald 310.000 kr. (m. vsk)

Aðgangsgjald 3.000 kr./mán. (m. vsk)

Hér er miðað við heimili þar sem íbúi (eða íbúar) er skráður með lögheimli og hefur fasta búsetu og atvinnuhúsnæði þar sem um er að ræða heilsársstarfsemi s.s. hótél eða gistiheimili sem opið er allt árið. Hér undir falla einnig kirkjur, veiðihús og félagsheimili. Stofngjald skal greitt skv. reikningi áður en ljósleiðari er tengdur en þjónustufyrirtæki sem selur internetþjónustu innheimtir aðgangsgjald og skilar til Dalaveitna.

6. gr.

Íbúðarhús, frístundahús og aðrar byggingar án fastrar búsetu, fjarskiptastaðir:

Stofngjald 310.000 kr. (m. vsk)

Aðgangsgjald 3.000 kr./mán. (m. vsk)

Auk stofngjalds greiðir eigandi tengistaðarins hugsanlegan umframkostnað sem til fellur vegna lagningu á heimaug að næsta tengipunkti ljósleiðarakerfisins. Greiða skal stofngjald og

umframkostnað skv. reikningi áður en ljósleiðari er tengdur en þjónustufyrirtæki sem selur internetþjónustu innheimtir aðgangsgjald og skilar til Dalaveitna.

7. gr.

Stofngjald greiðist í tveimur hlutum, kr. 120.000 staðfestingargjald og kr. 190.000 sem greiðist þegar viðkomandi kerfi er tilbúið til notkunar og strengur hefur verið lagður inn í hús.

8. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar Dalaveitna ehf.

9. gr.

Dalaveitur ehf hefur rétt til að loka fyrir aðgang að ljósleiðarakerfi félagsins gagnvart þeim notendum sem vanrækja að greiða áskriftargjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir notandi.

10. gr.

Eftirlitsmanni Dalaveitna ehf skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum búnaði eða kerfum sem tengd eru við ljósleiðara Dalaveitna ehf. Er húseiganda skylt að hlíta tafalaust fyrir mælum eftirlitsmanns um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á notkun ljósleiðarans.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Dalaveitna ehf þann 17. maí 2018 og tekur þegar gildi.